



Reykjavík, 4. maí 2026
USK26040359

Bt. Salvarar Nordal - umboðsmanns barna

Efni: Vottorð um öryggisúttekt

Þann 24. apríl sl. barst umhverfis- og skipulagssviði fyrirspurn frá umboðsmanni barna þar sem lögð fram fram eftirfarandi upplýsingabeidi:

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum frá embætti byggingarfulltrúa um hvort og þá hvenær gefið hafi verið út vottorð um öryggisúttekt umræddrar viðbyggingar á Stuðlum, Fossaleyni 17. Ef vottorð vegna öryggisúttektar hefur ekki enn verið gefið út er óskað eftir upplýsingum um hvort byggingarfulltrúi hafi gripið til einhverra aðgerða vegna óheimilar notkunar húsnæðisins frá því í apríl 2025 með það að markmiði að koma í veg fyrir notkun húsnæðisins. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort byggingarfulltrúi hafi komið athugasemdum á framfæri við eiganda húsnæðisins sem varða öryggisatriði. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Svar byggingarfulltrúa:

Ekki hefur verið gefið út vottorð um öryggisúttekt vegna umræddrar byggingar að Fossaleyni 17 (Stuðlum). Þann 31. mars sl. fór fram öryggisúttekt í húsnæðinu og voru gerðar athugasemdir. Þann 30. apríl sl. fór fram endurtekin öryggisúttekt sem eftirfylgni með fyrri úttekt. Þar kom fram að miklar útbætur höfðu verið gerðar og brugðist við flestum athugasemdum, en eftir stóðu athugasemdir varðandi brunahólfandi hurðir.

Samtal er í gangi við eigandi varðandi úrbætur eða mögulegar bráðabirgða ráðstafanir. Notkun byggingarinnar verður því ekki leyfð í óbreyttu ástandi nema með viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi. Umboðsmaður barna fær upplýsingar um framvindu málsins á næstu dögum.

Brynjar Þór Jónasson
skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála
Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík